



Reykjavíkurborg
mannréttindaskrifstofa

Reykjavík, 27. ágúst 2018
R18070103
AK/EP

Borgarráð

Svar mannréttinda- og lýðræðisráðs við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Sócialistaflokki Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins varðandi tillögu um kynlaus salerni.

Á fundi mannréttinda- og lýðræðisráðs þann 23. ágúst sl. var tekin fyrirspurn dags.19. júlí sl., frá borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Sócialistaflokki Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins varðandi tillögu um kynlaus salerni. Svar mannréttinda- og lýðræðisráðs er svohljóðandi:

Við umfjöllun og meðferð tillögunnar á vettvangi mannréttinda- og lýðræðisráðs var almennt farið yfir þær aðgerðir sem þyrfti að ráðast í við að gera ókyngreind salerni fyrir starfsfólk í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar, þ.e. á Höfðatorgi og í Ráðhúsi, Ekki var sérstaklega fjallað um efni reglugerða vegna tillögunnar enda er Mannréttindaskrifstofu falið að útfæra framkvæmdina nánar. Talið var nauðsynlegt að fyrir lægi vilji/afstaða ráðsins áður en formlegur undirbúningur hæfist, þ.m.t. að sækja um undanþágur vegna reglugerðar nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. Jafnframt er bent á að í tillögunni er gert ráð fyrir að áður en framkvæmdir við slíkar breytingar hefjist myndi farið í samráðsferli við starfsfólk.

Virðingarfyllt

Anna Kristinsdóttir
mannréttindastjóri Reykjavíkur